

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 2 tbl. 24. árgangur 2019

Frá formanni

Kæru félagar í FÁT, Vorsýning 2019 verður haldin helgina 13 – 14. apríl næstkomandi í húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins við Nethyl 2E (sama stað og aðalfundur félagsins var haldinn og Vorsýning 2018). Við hvetjum félagsmenn að vera duglega að mæta með verk á sýninguna. Í fyrra tóku alls 13 félagar þátt í sýningunni sem tókst afar vel. Við erum nú þegar búin að halda tvö opin hús á þessu ári. Það fyrra var hjá félaga okkar og fyrrum formanni Sigurjóni Gunnarssyni og seinni sýninginn var hjá Páli Kristjánssyni hnífa smið.

Aðalfundurinn okkar var haldinn 16. febrúar síðastliðinn og var hann eins og alltaf málefnalegur og góður. Breyting varð á stjórn félagsins. Karen Huld Gunnarsdóttir og Donald Ingólfsson fóru úr stjórn og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra störf fyrir félagið síðastliðin ár, það er sárt að missa þau en alltaf kemur maður í manns stað eða kona í konu stað, eins og sagt er. Inn í stjórnina komu þau Bjarni Þór Kristjánsson og nýr félagi Jóhanna Jóna Gunnlaugsdóttir.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Fréttablaðinu stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu. Félagið verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru og vonast ég til að sjá sem flesta taka þátt í starfinu með okkur og hvet félagsmenn að mæta á sýningunna, hvort sem þeir eru með verk eða ekki.

Dagsskráin er auglýst á baksíðu Brýnisins.

Kærar kveðjur,
Víðir Árnason, formaður FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur

Fyrsta opna húsið var haldið hjá Sigurjóni Gunnarssyni, Hólshrauni 5, Hafnarfirði 19. janúar 2019.

Félagar mættu í opið hús hjá Sigurjóni fyrrum formanni. Sigurjón er með góða aðstöðu í Hólshrauni, Hafnarfirði.





Opið hús hjá Páli hnifasmiði Álafossvegi, Mosfellsbæ 16. mars 2019.

Páll Kristjánsson er mikill handverksmaður og sker út og framleiðir hnífa. Að þessu sinni mættu félagar til Páls í aðstöðu hans á Álafossvegi í Mosfellsbæ. Páll heldur úti námskeið í hnífa smíði og sækja til hans mikið af bæði erlendu og innlendu áhuga fólki um þessa iðju og læra hjá honum. Páll rekur líka verslun og gallerý á staðnum þar sem hægt er að koma og kaupa sérhæfða hnífa af öllum stærðum og gerðum. Meðfylgjandi myndir eru frá Opna húsinu hjá Palla.





Fræðsluhornið

Útskurður og verk.

- **Beinskurður** er útskurður í bein, horn eða fílabein. Oftast er átt við útskurð hvalveiðimanna á beinum eða tönnum sjávardýra.



Útskorin flauta úr hvalbeini frá 1821

- **Útskurður** (eða **skurðlist**) er hugtak sem haft er um þá athöfn að skera út eða sjálfar myndirnar eða skrautið sem skorið er út. Útskurður er oftast unninn með hníf og allavega spor- og holjárnun. Langoftast er skorið út í tré.

Spónastokkur er tréílát þar sem í voru geymdir hornspænir. Spónastokkur var oft útskorinn.



Spónastokkur frá Eiðsstöðum í Blöndudal, frá 1550 til 1600. Þetta mun vera elsti spónastokkur sem varðveist hefur.

Heimildir eru frá vefsvæði Wikipedia

Handverks sýningar 2019

Það er mikil gróska í Íslensku handverki allt árið um kring. Eftirfarandi eru handverksýningar sem eru framundan 2019 sem engin má missa af.

H A N D V E R K S H Á T Í Ð H R A F N A G I L I

27. Handverkshátíð

fer fram dagana **8.-11. ágúst 2019**

Opin frá fimmtudegi til sunnudags 11 – 18

Handverkshátíðin í Hrafnagili, Eyjafjarðarsveit 2019. Þetta mun vera 27. hátíðin frá upphafi og hefur hún verið afar vinsæl hjá handverksfólki hingað til og stundum hafa færri komist að en vilja. Því er um að gera að sækja sem fyrst um þátttöku. Hátíðina sækja 10-15 þúsund manns árlega og er Handverkshátíðin því frábær vettvangur fyrir handverksfólk og hönnuði til að kynna sig og selja vörur sínar.

H A N D V E R K O G H Ö N N U N

í Ráðhúsi Reykjavíkur

21. til 25. nóvember 2019

HANDVERK OG HÖNNUN mun halda hina árlegu sýningu á handverki, hönnun og listiðnaði í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 21. til 25. nóvember 2019. Fjölbreytnin ræður ríkjum á sýningunni enda er gróskan mikil í íslensku handverki, hönnun og listiðnaði.

Þessi sýning hefur verið gríðarlega vinsæl frá upphafi en hún var fyrst haldin árið 2006 og dregur alltaf að sér þúsundir gesta. Það eru listamennirnir og hönnuðirnir sjálfir sem eru á staðnum og kynna vörur sínar á sýningunni.

Dagsskrá 2019

Næst á dagsskrá er Vorsýning FÁT 2019 í húsnæði Heimilisfélagsins daganna 13 – 14. apríl

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á sýninguna og vera með. Þeir sem ætla að koma með sýningargripi, þá er móttaka sýningarverka föstudaginn 12. apríl milli klukkan 16 – 18 að Nethyl 2E, Heimilisiðnaðarfélaginu.

Dagskrá– 2019

13 - 14.4 2019 Vorsýning FÁT Heimilisiðnaðarfélaginu, Nethyl 2E, kl 13:00-17:00 báða daganna.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Fréttablaðinu stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu.

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Netfang: treskurd@gmail.com Heimasíða: treskurdur.is
Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason

Stjórn FÁT



Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur